

Samþykktir Orlofssjóðs BHM

1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

- 1.1 Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Bandalags háskólamanna, skammstafað OBHM.
- 1.2 Heimili sjóðsins og aðalstarfsstöð er á skrifstofu BHM, Borgartúni 6, nema stjórn ákveði annað.
- 1.3 Varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr. Verkefni sjóðsins

- 2.1 Sjóðnum skal varið til að auðvelda sjóðfélögum að njóta orlofs.
- 2.2 Í þeim tilgangi á og rekur sjóðurinn orlofshúsnæði til afnota fyrir sjóðfélaga.
- 2.3 Sjóðurinn hefur einnig það hlutverk að semja um og bjóða upp á aðra orlofs- og frístundakosti fyrir sjóðfélaga og fjölskyldur þeirra.

3. gr. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- 3.1 Samningsbundin iðgjöld atvinnurekenda til sjóðsins, samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi aðildarfélags BHM eða samkvæmt sérstökum samningi við stjórn sjóðsins sbr. 8. gr.
- 3.2 Eignatekjur og annar arður.
- 3.3 Gjafir, framlög og styrkir.
- 3.4 Aðrar tekjur sem stjórn sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

4. gr. Fulltrúaráð, skipan

- 4.1 Fulltrúaráð sjóðsins skal skipað einum fulltrúa frá hverju stéttarfélagi sem með kjarasamningi hefur samið um greiðslur úr hendi atvinnurekanda til sjóðsins eða greitt er af félagsmönnum þess til sjóðsins samkvæmt úrskurði kjaranefndar

4.2 Þau félög sem hafa 500 eða fleiri sjóðfélaga sem greitt er vegna skulu þó eiga tvo fulltrúa í ráðinu.

4.3 Fulltrúar hafa atkvæðisrétt eftir fjölda greiðandi sjóðfélaga í hlutaðeigandi félagi, hið minnsta eitt atkvæði en auk þess eitt fyrir hvert byrjað hundrað félagsmanna umfram eitt hundrað.

4.4 Ef fulltrúar félags eru tveir skiptast atkvæði félagsins jafnt á milli þeirra.

5. gr. Ársfundur fulltrúaráðs

5.1 Ársfund fulltrúaráðs OBHM skal halda á tímabilinu mars til maí ár hvert, í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund BHM.

5.2 Ársfundur skal auglýstur með minnst hálfsmánaðar fyrirvara þar sem dagskrár er getið.

5.3 Ársfundur fjallar um fjárfestinga- og starfsáætlun sjóðsstjórnar, reikninga, fjárhagsáætlun og tillögur um breytingar á starfsháttum hans og samþykktum.

5.4 Endurskoðaða reikninga skal leggja fyrir aðalfund BHM til kynningar og tillögur um breytingar á samþykktum skulu lagðar þar fram til afgreiðslu, sbr. 11. gr. Tillögur um breytingar á samþykktinni, ef fyrir liggja skulu fylgja fundarboði.

5.5 Á dagskrá ársfundar skulu vera eftirtaldir liðir:

- a) Skýrsla stjórnar og reikningar.
- b) Starfsáætlun og fjárfestingar- og fjárhagsáætlun.
- c) Tillaga um breytingar á samþykkt og starfsháttum, ef svo ber undir.
- d) Kjör sjóðsstjórnar til tveggja ára í senn: formanns, varaformanns og 3ja stjórnarmanna, svo og tveggja til vara.
- e) Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga til tveggja ára í senn og varamanna þeirra.
- f) Önnur mál.

5.6 Á ársfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða nema annað sé tekið fram í samþykkt þessari.

6. gr. Sjóðsstjórn

6.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð 7 stjórnarmönnum. Aðeins einn félagsmaður úr hverju félagi sem aðild getur átt að stjórn sjóðsins, sbr. gr. 3.1, getur verið í framboði til sjóðsstjórnar hverju sinni. Þetta ákvæði á ekki við um kjör formanns stjórnar.

6.2 Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur í stjórn en 8 ár í senn, stjórnarstörf formanns skulu þó undanskilin.

6.3 Formannaráð BHM tilnefnir á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund BHM tvo stjórnarmenn til viðbótar þeim 5 sem kjörnir eru á ársfundi og sitja þeir til fyrsta formannaráðsfundar eftir þarnaesta aðalfund BHM. Til bráðabrigða verði tilnefning formannaráðs árið 2019 til eins árs en til tveggja ára eftir það

6.4 Hætti meirihluti stjórnar störfum á kjörtímabilinu, þar af þrír þeirra sem kjörnir voru á ársfundi sjóðsins, skal boða til aukaársfundar OBHM, innan mánaðar, þar sem á dagskrá skal vera kjör sjóðsstjórnar skv. d-lið 5. mgr. 5. gr.

6.5 Sjóðsstjórn skiptir sjálf með sér verkum að öðru leyti en því sem ákveðið er í d-lið gr. 5.5 og skal einn stjórnarmanna vera gjaldkeri og annar ritari.

6.6 Sjóðsstjórn hefur umsjón með eignum sjóðsins og fer með rekstur hans í umboði fulltrúaráðsins. Sjóðsstjórn skal leggja fyrir ársfund fulltrúaráðsins og aðalfund BHM skýrslu um starfsemi sjóðsins.

6.7 Allar meiriháttar ákvarðanir varðandi fjárfestingar, skuldbindingar, kaup eða sölu eigna og reglur um úthlutun orlofshúsa/orlofsíbúða skal bera undir fulltrúaráðið til afgreiðslu en ef brýn þörf er skjótra viðbragða getur sjóðsstjórn fengið samþykki fulltrúaráðs eftirá.

6.8 Sjóðsstjórn setur sér og birtir verklagsreglur um úthlutun, ávinnslu punkta, úrvinnslu og kynningu orlofskosta.

6.9 Sjóðsstjórn boðar til funda fulltrúaráðsins.

7. gr. Fjármál

7.1 Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag. Stofnfé sjóðsins er 1.000.000 – ein milljón – króna.

7.2 Eignum sjóðsins skal haldið aðskildum frá öðrum sjóðum BHM. Sjóðurinn skal rekinn af skrifstofu BHM samkv. þjónustusamningi.

7.3 Reikningsárið er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til afgreiðslu á ársfundi fulltrúaráðsins og til kynningar á aðalfundi BHM. Reikningar skulu gerðir eftir lögum um bókhald og ársreikninga.

7.4 Sjóðsstjórn skal leggja fyrir fulltrúaráðið fjárhags- og fjárfestingaráætlun í lok árs vegna komandi starfsárs.

8. gr. Grundvöllur réttinda í OBHM

8.1 Réttindi í sjóðnum geta þeir átt sem:

a) iðgjaldi er skilað vegna til sjóðsins á grundvelli ákvæða í kjarasamningi aðildarfélags BHM eða samkvæmt sérstökum samningi við stjórn sjóðsins.

b) áður hafa öðlast aðild samkvæmt a-lið og hafa hafið töku lífeyris.

8.2 Sjóðsstjórn er heimilt að veita: atvinnulausum og öryrkjum áframhaldandi réttindi úr sjóðnum gegn föstu árgjaldi, sem sjóðsstjórn ákveður. Sama gildir um sjóðfélaga sem leita sér endurmenntunar eða eru í launalausum leyfi frá starfi.

8.3 Lífeyrisþegar, sbr. b-lið gr. 8.1 halda sjálfkrafa réttindum í sjóðnum gegn greiðslu gjalds í eitt skipti fyrir öll að fjárhæð 10.000 kr. og hækkar sú fjárhæð í samræmi við vísitölu neysliverðs miðað við 241,5 stig í apríl 2005.

9. gr. Endurgreiðsla iðgjalda

9.1 Iðgjöld og aðrar greiðslur til sjóðsins endurgreiðast ekki.

10. gr. Málskot

10.1 Sjóðfélaga er heimilt að vísa ágreiningi um úthlutun eða réttindi í sjóðnum til stjórnar OBHM.

11. gr. Breytingar á samþykktinni

11.1 Samþykkt þessari má aðeins breyta á aðalfundi BHM að fenginni samþykkt ársfundar fulltrúaráðs OBHM. Hafa þá einungis þau félög atkvæðisrétt hverra félagsmenn njóta réttinda

í sjóðnum samkvæmt samþykktum hans og þá með veginum atkvæðum samkvæmt fjölda sjóðfélaga sem greitt er vegna.

11.2 Til að tillaga um breytingu á samþykktum sé tekin fyrir á ársfundi sjóðsins þarf hún að berast skrifstofu sjóðsins fyrir áramót næst á undan ársfundi.

11.3 Tillaga um breytingu á samþykktinni verður að hljóta 2/3 greiddra atkvæða fulltrúa á ársfundi sjóðsins og aðalfundi BHM og öðlast hún þá gildi við samþykkt aðalfundar BHM.

12. gr. Slit eða sameining

12.1 Um töku ákvörðunar um að leggja OBHM niður eða sameina hann öðrum sjóði fer samkvæmt ákvæðum 11. gr. þó þannig að tillaga þess efnis þarf að hljóta samþykki a.m.k. $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða bæði á ársfundi fulltrúaráðs OBHM og á aðalfundi BHM.

12.2 Þegar lögmæt ákvörðun um slit sjóðsins hefur verið tekin skal eignum sjóðsins varið í samræmi við markmið sjóðsins eftir nánari ákvörðun ársfundar orlofssjóðsins og aðalfundar BHM.

Samþykktar á ársfundi fulltrúaráðs sjóðsins 9. apríl 2019 og staðfest á aðalfundi BHM 23. maí 2019.